

Minnisblað
Frá Félagi atvinnurekenda
Til Ríkisendurskoðunar

Reykjavík, 1. mars 2024

Efni: Tvö skýr dæmi um misbrest á framkvæmd Byggðastofnunar á póstlögum

Félag atvinnurekenda vísar til fyrri samskipta við Ríkisendurskoðun vegna úttektar stofnunarinnar á framkvæmd og eftirliti með lögum um póstpjónustu, að beiðni Alþingis.

I. Birting ákvörðunar nr. 15/2023

Með ákvörðun Byggðastofnunar nr. 15/2023 var samþykkt 49% hækkun gjaldskrár Íslandspósts vegna stærsts hluta bréfa í þyngdarflokknum 0-50 g, þ.e. bréfa sem áður voru send samkvæmt gjaldskrá fyrir magnpóst, og allt að 41% í öðrum þyngdarflokkum.

Í ákvörðuninni er ekki minnst einu orði á hver hækkunin er og engan málefnalegan rökstuðning að finna.

Í töflunni hér fyrir neðan er að finna upplýsingar um gjaldskrárbreytingar bréfaþósts. Helstu breytingar eru þær að afsláttarverð magnþósts (meira en 500 stk.) hækkar úr 195 kr. í 290 kr og magnafslættir vegna 51-1000 g lækka.

ÍSP VERÐSKRÁ - 2023								
Þyngd	Verð alm.bréf	Verð magnpóstur	Magn	Afsláttur 0-50g	Verð 0-50g	Afsláttur 51-1000g	Verð 51-250g	Verð 251-1000g
Bréf 0-50g	290 kr	195 kr	250-500	-	195 kr	2.5%	312 kr	497 kr
Bréf 51-250g	330 kr	320 kr	501-1000	0%	195 kr	10%	288 kr	459 kr
Bréf 251-1000g	600 kr	510 kr	1001-2000	6%	183 kr	15%	272 kr	434 kr
			2001-5000	10%	176 kr	20%	256 kr	408 kr
			5001-10000	12%	172 kr	25%	240 kr	383 kr
			Meira en 10000 stk.	14%	167.70 kr	30%	224 kr	357 kr

ÍSP VERÐSKRÁ - 1. janúar 2024								
Þyngd	Verð		Magn	Afsláttur 0-50g	Verð 0-50g	Afsláttur 51-1000g	Verð 51-250g	Verð 251-1000g
Bréf 0-50g	290 kr		250-500	-	290.00 kr	0.0%	370 kr	630 kr
Bréf 51-250g	370 kr		501-1000	0%	290.00 kr	4.0%	355 kr	605 kr
Bréf 251-1000g	630 kr		1001-2000	6%	272.60 kr	8.0%	340 kr	580 kr
			2001-5000	10%	261.00 kr	12.0%	326 kr	554 kr
			5001-10000	12%	255.20 kr	16.0%	311 kr	529 kr
			Meira en 10000 stk.	14%	249.40 kr	20.0%	296 kr	504 kr

Þyngd	% hækkun
Bréf 0-50g	0%
Bréf 51-250g	12%
Bréf 251-1000g	5%

Magn	% hækkun 0-50g
250-500	49%
501-1000	49%
1001-2000	49%
2001-5000	49%
5001-10000	49%
Meira en 10000 stk.	49%

% hækkun 51-250g	% hækkun 251-1000g
19%	27%
23%	32%
25%	34%
27%	36%
30%	38%
32%	41%

Meðaltals hækkun bréfa 0- 1000 gr.	49%
------------------------------------	-----

26%	35%
-----	-----

Ákvörðun stofnunarinnar vegna breytinga á verðskrá Póstsins sem tók gildi 1. janúar 2024 var ekki birt fyrr en 16. febrúar á vefsíðu stofnunarinnar, eftir að henni barst fyrirspurn um hækkunina. Fyrirspurnin barst stofnuninni eftir að Íslandspóstur sendi viðskiptavinum reikning vegna janúar með 49% afturvirkri hækkun.

Í frétt á vefsíðu Íslandspóst dags. 30. nóvember 2023 var tilgreint sérstaklega að *engin hækkun* yrði á bréfum í 0-50 gr. þyngdarflokki, að *kjör magnpósts héldust óbreytt* en að helsta breytingin yrði sú að frá og með 1. janúar 2024 væri *ein verðskrá til viðmiðunar*. Þetta er vægast sagt ógegnsætt orðalag, að ekki sé sagt villandi, og kom viðskiptavinum því verulega á óvart þegar reikningar vegna janúar bárust í byrjun febrúar með 49% gjaldskrárhækkun.

Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 skulu breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu ásamt rökstuðningi birtar á vefsíðu Byggðastofnunar. Stofnuninni er auðvitað fullkunnugt um skyldu til að birta ákvarðanir um verðbreytingar. Það er alvarlegt brot á skyldum stofnunarinnar samkvæmt lögum að birta ekki slíkar upplýsingar í samræmi við ákvæði laganna og taka þannig þátt í að leynd 49% gjaldskrárhækkun fyrir notendum þjónustunnar.

II. Misbrestur á samráði við Samkeppniseftirlitið

Ýmsar ákvarðanir, sem Byggðastofnun hefur tekið eftir að hún tók við umsýslu og eftirliti með póstmálum, hafa augljós samkeppnisleg áhrif. Fyllsta ástæða hefði t.d. verið til að fram færi mat á því hvort undirverðlagning bréfa á virkum markaðssvæðum, sem bætt er með greiðslum úr ríkissjóði, hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni. Árin 2020 og 2021 voru pakkasendingar sannanlega gróflega undirverðlagðar og sú undirverðlagning bætt með tæplega 300 milljóna króna framlagi úr ríkissjóði. Endurskilgreining á virkum og óvirkum markaðssvæðum fyrir bréf hefur jafnframt augljós samkeppnisleg áhrif eftir að einkaréttur Íslandspóst á bréfasendingum var afnuminn. Fleiri dæmi mætti telja.

Byggðastofnun áttar sig klárlega á undirverðlagningu og taprekstri Íslandspóst, sbr. málgrein í ákvörðun 14/2023:

(25) Afleiðing þessa sé tap á dreifingu bréfa á svæði sem hingað til hefur verið skilgreint sem virkt markaðssvæði með tilliti til bréfadreifingar. ÍSP hafi borið þann kostnað hingað til en telur óhjákvæmilegt að skilgreiningum á virkum og óvirkum markaðssvæðum verði breytt að því er varðar dreifingu á bréfum innan alþjónustu.

Í reglum Byggðastofnunar og Samkeppniseftirlitsins um meðferð og úrlausn póstmála frá 1. febrúar 2022, kemur fram í 5. grein að Samkeppniseftirlitið hafi m.a. með höndum mál sem varða skaðlega undirverðlagningu. Í 8. grein reglnanna kemur fram að stofnanirnar skuli leita sjónarmiða hvor annarrar í samræmi við rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga. „Á sama hátt upplýsir Byggðastofnun og e.a. leitar umsagnar Samkeppniseftirlitsins um rannsóknir og aðgerðir sem varða samkeppni,“ segir þar. Í 11. grein reglnanna segir: „Forstjórar Byggðastofnunar og Samkeppniseftirlitsins hafa umsjón með framkvæmd þessara reglna. Þeir eiga með sér fundi og koma á og fylgjast með samskiptum starfsmanna í einstökum málum eða verkefnasviðum. Tíðni samskipta og funda fer eftir þörfum hverju sinni.“

Félag atvinnurekenda hefur fengið upplýst óformlega af hálfu Samkeppniseftirlitsins að Byggðastofnun hafi aldrei leitað til stofnunarinnar um umsögn eða aðstoð vegna samkeppnislegra álitamála. Samkvæmt 3. grein laga um pósthjónustu nr. 98/2019 er eitt meginhlutverk Byggðastofnunar „að stuðla að samkeppni á sviði pósthjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta

viðskiptahætti með því að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á pósthjónustumarkaði.“ Í sömu grein laganna er kveðið á um setningu og birtingu áður nefndra reglna Byggðastofnunar og SE um meðferð og úrlausn mála. Það er alvarlegur misbrestur á framkvæmd stofnunarinnar á pósthjónunum að starfa ekki í samræmi við þessar reglur.